

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/606*  
*komudagur 30.11.2011*

Efni: Stjórnarskrárfrumvarpið

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Reykjavík, 30. nóvember 2011

Ég styð frumvarp stjórnlagaráðs í öllum helstu atriðum og vona að þjóðin fái tækifæri til að kjósa um ákvæði þess (eða e.t.v. milli einhverra ákvæða frumútgáfunnar og breytinga sem Alþingi telur mikilvægt að gera).

Ég hef þó áhyggjur af því að í frumvarpinu hefur verið fellt burt ákvæði 72. greinar núgildandi stjórnarskrár um að með lögum megi takmarka rétt erlendra aðila til að eiga fasteignaréttindi eða hlut í atvinnufyrirtæki hér á landi. Í greinargerð með frumvarpi stjórnlagaráðs er þessi breyting ekki studd rökum, heldur ákvæðið einfaldlega sagt óþarft. Komi til inngöngu í Evrópusambandið getur hins vegar verið að tekið sé tillit til sérmála sem skipta inngönguþjóðir miklu og eru í stjórnarskrá, eins og t.d. var um fóstureyðingar á Írlandi. Í ljósi þess að enginn veit hversu margir fjársterkir aðilar kunna að sækjast eftir því í framtíðinni að kaupa upp land á Íslandi og að þetta ákvæði er í stjórnarskrá nú tel ég afar varhugavert að fella ákvæðið burt, sérstaklega svona eins og ekkert sé.

Virðingarfyllst,

Ágústa H. Lyons Flosadóttir, 130758-6069